




Gildandi skipulag m.s.br.

GREINARGERÐ

Almennt

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu Höepfnarsbyggja – Siglingaklúbburinn Nökkvi, sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 5. nóvember 2012. Gerðar hafa verið tvær breytingar á skipulaginu, sú fyrri tók gildi þann 22. nóvember 2017 en sú síðari 20. júní 2022, þar sem landfyllingu fyrir aðflugsjóð var bætt inn.

Breyting þessi er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030, sbr. breytingu Stígakerfi Akureyrar sem tók gildi þann 29. janúar 2021.


Leirustigur hefur sérstöðu í stígakerfi Akureyrar þar sem hann liggur meðfram strönd, að hluta til utan byggðar og er þannig ólíkur stórum hluta stígakerfisins. Strandsvæðið er nýtt af Siglingaklúbbnum Nökkva og hefur samráð verið haft við klúbbinn um skipulag svæðisins.

Markmið breytingarinnar er að skapa skilvirkt stígakerfi í aðlaðandi umhverfi sem hvetji til notkunar. Áhersla er lögð á öryggi og vellíðan vegfarenda og notenda svæðisins.

Deiliskipulagsbreytingin

Breytingin nær til göngu- og hjólastígs við Leiruveg og skipulagssvæðið er stækkað að sveitarfélagsmörkum á Leirubú. Göngu- og hjólastigur verður aðskilinn í tvo samsíða stíga, göngustíg og hjólastíg. Landfylling og útvistarsvæði norðan við stíga breytast til að auka upplifun og útvistaríðuleika í tengslum við stíga og aðgengi að strönd. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum brúm á útvistarsvæðinu. Gert er ráð fyrir nokkrum áningarstöðum meðfram stígum á skipulagssvæðinu.

Stígar og áningarstaðir skulu hannaðir með ólíka notendahópa í huga, með áherslu á gott aðgengi fyrir alla. Áhersla skal lögð á upplifun og útvistargildi svæðisins og að mótun þess hvetji til notkunar stíganna. Leggja skal áherslu á skjólmyndun s.s. með runna- og trjágróðri við áningarstaði. Huga skal að því að gróður þoli vind, sælu og þurrk. Svæði á milli göngustígs og hjólastígs skal nýtt til meðnotunar ofanvæðis. Leitast skal við að lágmarka heikvæð áhrif á dýralíf og huga að mót vægisáðgerðum s.s. að endurheimta búsvæði fugla. Sérstök áhersla skal lögð á myrkurgæði við lýsingarhönnun á svæðinu.




Dæmi um útfærslu á stígum og umhverfi í kringum þá.

V:\210135\Stakinn\HJÚ2021355-DSK-breyt-Höepfnarsbyggja.dwg




Deiliskipulagsbreyting. Uppdráttur - vestur


Umhverfisáætlir	Áhrif skipulags-áætlunar	Skýring
	- + -/+ ?	
Sjór - vatnsflæði	x	Líkt og í gildandi skipulagi eru áhrif sjóvarnargarðs á straum sjávar talin óveruleg. Gera má þó ráð fyrir að sandsöfnun aukist og að áhrifin verði varanleg, en það er hæð útfærslu.
Líf í sjó - vistgerðir/búsvæði	x	Náttúruleg sandsöfnun hefur verið á svæðinu vegna fyrri framkvæmda, en það hefur haft áhrif á vistgerðir/búsvæði. Þau áhrif verða áfram til staðar en með mót vægisáðgerðum má að einhverju marki endurheimta fyrri gæði, m.a. má endurheimta og auka teikifari fyrir vistgerðir/búsvæði.
Félagslegt umhverfi - útvist og tómstundir	x	Bætt öryggi á stígum og aðlaðandi umhverfi sem hvetur til hreyfingar og útvistar er líklegt til að hafa verulega jákvæð áhrif á félagslegt umhverfi.
Landslag - ásjúnd	x	Leiruvegur er á landfyllingu og ber svæðið einkenni af því. Landmótum með áherslu á upplifun og tengsl við sjó er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á landslag og útvist. Áhrifin eru þó háð útfærslu.



Dæmi um útfærslu á stígum og umhverfi í kringum þá.



Deiliskipulagsbreyting. Uppdráttur - austur



Deiliskipulagsbreyting þessi hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá _____ til _____ var samþykkt í bæjarstjórn þann _____ 20 _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20 _____



AKUREYRARBÆR

Höepfnarsbyggja - Siglingaklúbburinn Nökkvi

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU - Leirustigur

Skipulagsuppráttur og greinargerð

MKV. 1:1000/A0
UNNIÐ AF: PRS

DAGS. 30.06.2022
RÝNT: AKA / EBK

VERKFANG: 21395-002
SAMP: EBK

